

Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028.

Umsögn Eyjafjarðarsveitar, 13.október 2023

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur fjallað um ofangreinda tillögu og vill benda sérstaklega á tvö ákveðin atriði.

Lykilviðfangsefni: Búsetufrelsi – áhersla á sambærilega þjónustu og búsetuskilyrði óháð búsetu.

Sjálfsagður er réttur manna til að velja sér búsetu en með slíku frelsi fylgir einnig ákveðin ábyrgð, meðal annars á eigin ákvarðanatöku.

Þegar lög og reglur kveða á um að sambærileg þjónusta og skilyrði til búsetu skuli vera óháð því hvar fólk velur sér að búa þá þurfa því að fylgja umtalsverðir fjármunir. Eftirtalin atriði má til að mynda nefna í þessu samhengi en eru á engan hátt tæmandi.

- Vegagerðin á fullt í fangi með að sinna lágmarks snjómokstri og skortir til þess mörg hundruð milljónir á ári hverju. Ekki verður betur séð en að um þrjá til fjóra milljarða vanti í þann málaflökk einan svo Vegagerðin komist þokkalega yfir sín verkefni. Eru þá enn ótaldir allir héraðsvegir og margir tengivegir sem og fjöldi þjóðvega sem marga hverja að þjónusta. Afleiðing þessa er að sveitarfélög geta vart eða eiga mjög erfitt með að veita lögboðna þjónustu til íbúa allt árið um kring, sérstaklega til þeirra sem kjósa að búa ekki við almenna þjónustuleið Vegagerðarinnar. Óraunhæfar væntingar skapast við þetta um það hvaða þjónustu íbúar geti fengið og hvar.
- Heilbrigðisþjónusta er einnig verulega van fjármögnuð og hafa áherslur ríkisins á að eldri íbúar búi í sínu heima fram eftir öllu leitt til þess að eldri íbúar samfélaganna einangrast og verða óöruggir. Búsetuúrræði eru af skornum skammti og leitast bæði sveitarfélög og heilbrigðisstofnanir því við að tæknivæða úrræðin heima hjá fólki í þeim tilgangi að spara við ferðir starfsmanna á heimilin. Tilgangurinn er að halda niðri kostnaði, afleiðingin er aukin einangrun og óöryggi íbúa sem margir hverjir búa í afar óheppilegu húsnæði með tilliti til þeirrar þjónustu sem þeir þurfa og til eigin athafna í daglegu lífi.

Í kafla 1.2 á bls 8 undir lið 11 um búsetufrelsi kemur fram „við lagabreytingar verði unnið út frá þeirri meginreglu að skipulag sveitarfélaga ráði því hvar heimilt sé að skrá lögheimili og einnig hvar sveitarfélögum sé skylt að veita þjónustu við íbúa“.

Þetta er mjög góð lýsing á markmiði en mikilvægt er að horfa á hana í samhengi við liði 12 og 13 á sömu blaðsíðu um lánmarkspjónustu sveitarfélaga og þróun þjónustu sveitarfélaga.

Varðandi þjónustuna er mikilvægt að ganga út frá því að sveitarfélögin hafi sveigjanleika til að ákveða mismunandi hátt þjónustustig á mismunandi svæðum í sínu skipulagi út frá aðstæðum á hverjum stað svo sem fjarlægðum, aðgengi eða öðrum atriðum sem geta verið hamlandi við veitingu viðkomandi þjónustu. Slík þjónustuviðmið þurfa að vera skýr og byggja á viðmiðum sem ríkið setur og



eftir atvikum veitir fjármagn til svo unnt sé að veita viðkomandi þjónustu. Þetta er afar mikilvægur liður til þess að fólk geti vel upplýst valið sér búsetu út frá eigin högum og mismunandi aðstæðum á lífsleiðinni og um leið gengið að því vísu hvaða þjónustu þeir megi búast við og hvar fremur en að gera ráð fyrir að þeir geti fengið alla þjónustu alstaðar og óháð aðstæðum hverju sinni.

Fækkun samninga milli sveitarfélaga með framsali á ákvörðunarvaldi.

Sveitarstjórn telur að fækkun samninga milli sveitarfélaga sé ekki endilega til þess fallin að efla sveitarfélögin eða þjónustu við íbúa þess í landinu. Ætti fækkun samninga því ekki að vera markmið í sjálfu sér og er mælikvarði um fjölda þeirra ekki endilega að endurspegla gæði þeirrar þjónustu sem viðkomandi sveitarfélög veita.

Þvert á móti getur verið mikilvægt að sveitarfélög geri með sér samninga í ýmsum málaflokkum á grundvelli almennrar skynsemi og út frá hagkvæmnisjónarmiðum. Má þar nefna barnavernd og önnur félagsmál þar sem aukin fjarlægð getur verið til góða.

Sveitarstjórn telur ekki mikilvægt að sveitarfélög leggi áherslu á að fækka samningum sínum. Mikilvægara er innihald og gæði samninganna, að þeir séu skýrir og orki ekki tvímælis svo allir viti að hverju þeir ganga.

Fyrir hönd sveitarstjórnar

Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri